



GJALDSKRÁ vatnsveitu í Fjallabyggð.

1. gr.

Gjaldskylda

Fjallabyggð innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Jafnframt innheimtir sveitarfélagið vatnsgjald og notkunargjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

2. gr.

Ráðstöfun gjalda

Tekjum sveitarfélagsins vegna heimæðargjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituframkvæmda og skal gjaldið taka mið af gerð, stærð og lengd heimæða.

Vatnsgjald, ásamt öðrum tekjum vatnsveitu, skal standa undir rekstri vatnsveitunnar, þ.m.t. fjármagnskostnaði og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

3. gr.

Heimæðargjald vatnsveitu

Heimæðargjald vatnsveitu fylgir byggingarvísitölu 562,6 stig í janúar 2012.

Pvermál Heimæðar PE - mm	Verð í kr. miðast við Byggingarvísitölu hvers mánaðar. Grunnvísitala er 562,6 stig í janúar 2012	Verð í kr. pr. metra umfram 30 m
32	166.868,-	4.561,-
40	224.319,-	6.131,-
50	253.520,-	6.929,-
63	288.249,-	7.878,-
75	310.895,-	8.316,-
90	452.165,-	12.359,-

Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað Vatnsveitu Fjallabyggðar við lóðarmörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis, og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af starfsmönnum vatnsveitu.

Innifalið í heimæðargjaldi er allt að 30 metra lögn. Ef heimæð er lengri en 100 metrar þá skal samið sérstaklega um heimæðargjald. Heimæðargjald fyrir inntök > 90 mm er reiknað út hjá Vatnsveitu Fjallabyggðar.

4. gr.

Aukagjöld vegna sérstakra aðstæðna

Við sérstakar aðstæður, s.s. vegna frosts í jörðu og sprengingar á klöpp skal greitt sérstakt álag er nemur 25 % sem leggst ofan á heimæðargjald skv. 3. gr.

Þurfi að koma til dælingar vegna vatnsaga við lagningu heimæða, skal lóðarhafi greiða eftirfarandi:

Vatnsdæla	2.400,- kr./sólarhring
Rafstöð fyrir dælu	3.350,- kr./sólarhring

5. gr.

Vatnsgjald

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem vatns geta notið. Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,35 % af fasteignamati viðkomandi fasteignar, ásamt lóð.

6. gr.

Notkunargjald

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa skal innheimt sérstakt notkunargjald. Fjárhæð notkunargjalds er 13 kr. á rúmmetra vatns, skv. mælingu.

Reglur um afslætti til stórnotenda:

Flokkur	Magn	Afsláttur
Almennt gjald	100.000 m ³	0 %
1. Afsláttarflokkur	100.000-250.000 m ³	15 %
2. Afsláttarflokkur	>250.000 m ³	25 %

Notkunargjaldið tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar 562,6 stig í janúar 2012.

7. gr.

Mælaleiga

Þeim sem greiða skulu notkunargjald skv. 6. gr. skulu látnir í té vatnsmælar. Notandi skal sjá fyrir aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveita er eigandi mælanna og skal greidd fyrir þá ársleiga sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
að 20 mm	5.903 kr.
20-24 mm	7.873 kr.
25-31 mm	9.840 kr.
32-39 mm	11.809 kr.
40-49 mm	15.744 kr.
50-74 mm	47.235 kr.
75-99 mm	51.172 kr.
100 mm og stærri	55.107 kr.

Mælaleiga tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar 562,6 stig í janúar 2012.

8. gr.

Gjalddagar

- a) Heimæðargjald: Gjalddagi heimæðargjalds vatnsveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Í þeim tilvikum er lóðarhafi, með samþykki skipulags og umhverfisnefndar, nýtir lóð undir annað en byggingu miðast gjalddagi heimæðargjald við tengingu heimæðar.

Gjaldið skal greitt eða um það samið innan 20 daga frá gjalddaga.

- b) Vatnsgjald: Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.
- c) Notkunargjald: Gjalddagar notkunargjalds eru á fjögurra mánaða fresti. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga.
- d) Mælaleiga: Gjalddagi leigugjalds fyrir mæli er 1. febrúar. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga.

9. gr.

Greiðsluskilmálar

Heimilt er að semja um greiðslur heimæðargjalda vatnsveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur bera almenna bankavexti.

10. gr.

Innheimta o.fl.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun.

Notkunargjald og leigugjald fyrir mæli, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum er heimilt að taka fjárnámi.

11. gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af bæjarstjórn Fjallabyggðar 12. janúar 2011 staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til að öðlast gildi.

Fjallabyggð 24. janúar 2011

Sigurður Valur Ásbjarnarson
bæjarstjóri